

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007,
Dettifossvegur, Norðurþingi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps frá 1. september 2000.

Breytingin felst í því að nýr heilsársvegur með bundnu slitlagi, Dettifossvegur, verður lagður vestan Jökulsár á Fjöllum milli Hringvegur og Norðausturvegar í Kelduhverfi, alls um 50 km. Innan Kelduneshrepps verður vegurinn að hluta til lagður í eldra vegstæði en breytingar verða á veglegu einkum nýrst. Vegaheitin Hólmatunguvegur og Uppsveitarvegur falla niður.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. febrúar 2008.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.